



12. fundur Atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins miðvikudaginn 17. maí 2017 kl. 12:10.

Mætt voru: Reynir Atli Jónsson, Vikar Már Vífilsson, Guðmundur Björnsson, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Oddný Sigríður Kristjánsdóttir, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá fundar:

1. Bréf frá Styrktarsjóði EBÍ, dags. 23. febr. 2017

Bókun um afgreiðslu: Nefndin tekur undir bókun, menningar- og bókasafnsnefndar, Langanesbyggðar dags. 28. mars. sl. þar sem lagt er til að sótt verði um styrk til að ljúka gerð skilta og merkinga vegna ratsjárstöðvarinnar á Heiðarfjalli.
Samþykkt samhljóða.

2. Hugmynd að þjónustusamningi við Norðurhjara

Óskað er eftir því að Norðurhjari – ferðaþjónustusamtök, taki að sér leiðbeiningastörf, markaðs- og kynningastörf og ráðgjöf á sviði ferðaþjónustu gegn kr. 1.450 þús. greiðslu á árinu 2017.

Bókun um afgreiðslu: Þar sem flestum þessara verkefna er þegar sinnt af sveitarfélaginu m.a. í gegnum Markaðsstofu Norðurlands og Þekkingarnetið, leggur nefndin til að erindinu verði hafnað.
Samþykkt samhljóða.

3. Bréf frá Marinó Jóhannssyni, dags. 23. apríl 2017

Bréf frá Marinó Jóhannssyni dags. 23. apríl 2017 lagt fram. Bréfinu fylgir fjallskilasamþykkt fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar að mörkum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps.

Bókun um samþykkt: Nefndin þakkar bréfitara bréfið og tekur undir bókun landabúnaðarnefndar frá fundi hennar 4. maí 2017.
Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál

Liður 4.1. Sveitarstjóri og fór yfir og kynnti hugmyndir um að sveitarfélagið ráðist í vinnu við stefnumótun í ferðmálum.



LANGANESBYGGÐ

Bókun um afgreiðslu: Nefndin leggur til við sveitarstjórn að sveitarstjóra verði falið að móta tillögur um stefnumótun í ferðamálum.

Liður 4.2. Nefndin ræddi þörfina á vélaverkstæði í Langanesbyggð. Nefndin lýsir áhyggjum sínum og telur að ástandið sé ekki viðundandi.

Liður 4.3. Aðgengi og þjónusta við ferðamenn. Sveitarstjóri gerði grein fyrir að stefnt sé að því hjá N1 að byggja nýjan þjónustuskála nú í haust, skv. hans heimildum. Einnig að salernisaðstaðan á tjaldsvæðinu hafi verið opnuð um síðustu mánaðamót til að koma til móts við þarfir ferðamanna.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 13:00.